

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 20. mars 2014 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-43/2014:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. júní sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna ágreinings um kostnað vegna kaupa á gölluðum varahlut, sem hann keypti af Y, hér eftir nefnt seljandi. Álitsbeiðandi beinir einnig kröfum sínum að Z, hér eftir einnig nefnt gagnaðili. Álitsbeiðandi krefst þess að reikningur frá nefndum gagnaðila, að fjárhæð kr. 296.063 verði felldur niður, enda telur álitsbeiðandi sig ekki eiga að bera kostnað vegna bilanagreiningar á gölluðum varahlut.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 11. júní sl., gaf kærunefndin seljanda og gagnaðila kost á andsvörum og frest til þess að skila þeim til 25. júní. Engin andsvör bárust. Hins vegar er að finna sjónarmið beggja aðila í gögnum málsins vegna fyrri samskipta þeirra við álitsbeiðanda. Andsvör aðila, sem rakin eru hér að neðan, og þær upplýsingar og sjónarmið sem þar er að finna, eru fengin úr þeim gögnum. Með bréfi, dags. 3. mars, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að snemma dags hinn 20. desember 2013 varð vendigírsrofi í dráttarvél álitsbeiðanda óvirkur. Hafði álitsbeiðandi samband við afgreiðslumann á varahlutalager seljanda til að kanna hvort þeir ættu umræddan rofa. Var rofinn til og fékk álitsbeiðandi rofann sendan til Ísafjarðar samdægurs. Greiddi álitsbeiðandi kr. 73.591 fyrir rofann, skv. reikningi frá seljanda dags. 20. desember. Síðdegis sama dag var rofinn settur í dráttarvélin. Þegar dráttarvélin var gangsett virkaði rofinn hins vegar ekki. Hafði álitsbeiðandi samband við starfsmann seljanda. Sá benti honum á að hafa samband við gagnaðila. Hjá gagnaðila fékk álitsbeiðandi samband við sérhæfðan starfsmann. Gerðu álitsbeiðandi og umræddur starfsmaður síðan tilraun til að fá fram upplýsingar úr aksturstölvu dráttarvélarinnar, en án árangurs. Segir álitsbeiðandi að hann og starfsmaður gagnaðila hafi síðan orðið sammála um að kalla til rafvirkja frá Ísafirði til að skoða dráttarvélin. Var það gert, en bar engan árangur. Degi síðar, eða hinn 21. desember, hafði álitsbeiðandi aftur samband við starfsmann gagnaðila og reyndu þeir í sameiningu að finna út úr biluninni, en án árangurs. Segist álitsbeiðandi á þessum tímapunkti hafa verið frekar órólegur yfir því að það tækist að lagfæra vélin fyrir „jólalopp“, auk þess sem spáð var slæmu veðri næstu daga og því útlit fyrir að erfitt yrði að fá viðgerðarmann á staðinn með flugi. Fyrir hvatningu álitsbeiðanda varð úr að viðgerðarmaður á vegum gagnaðila kom akandi frá Reykjavík. Við komu tengdi viðgerðarmaðurinn tölvu við dráttarvélin og fann út að hinn nýi rofi virkaði ekki. Daginn eftir, þ.e. 22. desember, gerði viðgerðarmaðurinn frekari prófanir á dráttarvélinni til að staðfesta að ekkert annað væri að henni. Hafði viðgerðarmaðurinn síðan samband við starfsmann seljanda til að panta nýjan rofa. Segir álitsbeiðandi að áhersla hans í málinu hefði verið einföld, þ.e. að vélin mátti ekki standa biluð

í lengri tíma. Eftir hádegi hinn 22. desember flaug viðgerðarmaðurinn síðan aftur til Reykjavíkur. Hinn 30. desember fékk álitandi hinn nýja rofa með pósti.

Sem fyrr segir krefst álitandi þess að reikningur frá gagnaðila, að fjárhæð kr. 296.063, dags. 26. mars 2014, verði felldur niður, enda telur álitandi sig ekki eiga að bera kostnað vegna bilanagreiningar á gölluðum varahlut.

IV

Andsvör seljanda

Seljandi sendi ekki kæruneftndinni andsvör. Andsvör hans er hins vegar að finna í fyrri samskiptum álitandi og seljanda, en þau samskipti fylgdu kæruneftndinni. Verða þau rakin hér að neðan. Í andsvörum, rituðum af framkvæmdastjóra seljanda, kemur m.a. fram að seljandi og gagnaðili séu sitt hvort félagið, algerlega aðskilin, með enga sameiginlega starfsmenn, sinn hvorn framkvæmdastjórn og ekki í eigu sömu aðila. Er rakið að álitandi hafi keypt varahlut af seljanda. Álitandi hafi síðan fengið til sín aðila frá öðru fyrirtæki og stofnað til kostnaðar sem hann verði sjálfur að taka ábyrgð á. Þetta hafi álitandi gert án nokkurs samráðs við starfsmenn seljanda. Nú ætlist álitandi síðan til að seljandi greiði umræddan kostnað, sem seljandi hafi ekki komið að því að stofna til. Segist seljandi hafa rætt við framkvæmdastjóra seljanda um málið og hafi álitandi í kjölfarið verið boðin niðurstaða sem hann ætti að una við. Seljandi hafi útvegað helmingi dýrari varahlut í stað þess bilaða, álitandi að kostnaðarlausu. Þá hafi seljandi greitt kr. 172.751 af reikningi gagnaðila og hafi sú fjárhæð verið hugsuð til að koma til móts við álitandi vegna bilanaleitar rafvirkja, sem fór fram áður en álitandi ákvað að fá sendan viðgerðarmann með tilheyrandi kostnaði. Umrædd upphæð hafi verið vegna 11 tíma vinnu og tekið fram að það væri tillaga seljanda að sátt í málinu. Telur seljandi sér ekki skylt að taka á neinn hátt þátt í þeim kostnaði sem álitandi hafi stofnað til. Þá tekur seljandi fram að álitandi hafi ekki á neinum tímapunkti sé ástæðu til að upplýsa starfsmenn sína um málið og verði hann sjálfur að bera hallan af því.

V

Andsvör gagnaðila

Gagnaðili sendi ekki kæruneftndinni andsvör. Andsvör hans er hins vegar að finna í fyrri samskiptum álitandi og gagnaðila, en þau samskipti fylgdu kæruneftndinni. Verða þau rakin hér að neðan. Í andsvörum, rituðum af framkvæmdastjóra seljanda, kemur m.a. fram að seljandi og gagnaðili séu sitt hvort félagið. Telur gagnaðili það ekki í samræmi við lög að álitandi óskað eftir þjónustu sinni, fengið þjónustuna, en síðan farið fram á að annar aðili sé rukkaður fyrir henni. Segir gagnaðili að ef álitandi vilji að einhver annar en hann sjálfur greiði reikning gagnaðila vegna þjónustunnar verði hann að sækja það sjálfur gagnvart þeim aðila sem hann vilji að greiði kostnaðinn. Slíkt geti ekki verið hlutverk gagnaðila. Telur gagnaðili sig vera í fullum rétt að innheimta greiðslu fyrir þá þjónustu sem hann veitir og bendir á að álitandi hafi enn ekki greitt sér fyrir veitta þjónustu og útlögðum kostnaði.

VI

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitandi og seljanda falli undir valdsvið neftndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Upphaf málsins verður rakið til þess að hinn 20. desember 2013 keypti álitandi varahlut, þ.e. vendigírsrofa, af seljanda fyrir kr. 73.591. Ekki er deilt um að síðar hafi komið í

ljós að umræddur varahlutur var haldinn galla. Snýr mál álitsbeiðanda fremur að því hver skuli bera kostnað sem hlaut af því að greina bilun í varahlutnum.

Beinir álitsbeiðandi kröfum sínum að tveimur aðilum, nefndum seljanda, sem seldi álitsbeiðanda varahlutinn og nefndum gagnaðila, sem sá um að bilanagreina varahlutinn. Er rétt að taka fram að þrátt fyrir að heiti beggja aðilanna kunni að bera það með sér að um systurfélög eða samstæðu sé að ræða, hafna framkvæmdastjórar beggja félaganna því að félögin séu tengd með einum eða öðrum hætti. Ágreiningur álitsbeiðanda við nefndan seljanda fellur undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, en ekki lög nr. 48/2003 um neytendakaup, þar sem álitsbeiðanda er í búrekstri og viðskipti hans við seljanda í þessu tilviki tengd þeim rekstri. Hér neðar verður veitt álit um ágreining þeirra aðila, á grundvelli umræddra laga.

Hvað varðar hins vegar viðskipti álitsbeiðanda og gagnaðila, verður í ljósi þess að gagnaðili og seljandi eru sitt hvor lögaðilinn að líta á þau viðskipti sjálfsætt og óháð viðskiptum álitsbeiðanda við seljanda. Viðskipti álitsbeiðanda við nefndan gagnaðila snúa að kaupum á þjónustu sem gagnaðili veitti álitsbeiðanda með því að senda starfsmann sinn til að bilanagreina dráttarvél í eigu álitsbeiðanda. Eðli sínu samkvæmt ætti ágreiningur aðila að falla undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup. Hins vegar ná þau lög einvörðungu til þjónustu sem neytendum er veitt, en neytandi er í lögunum skilgreindur svo að átt sé við einstakling sem er kaupandi þjónustu og að kaupin séu ekki í atvinnuskyni eða í tengslum við starf hans. Álitsbeiðandi mun stunda búrekstur og voru viðskiptin gerð í tengslum við þann rekstur. Falla þannig kaup álitsbeiðanda á þjónustu af seljanda ekki undir þjónustukaupalögin, nr. 42/2000. Þau falla heldur ekki undir lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup eða lög nr. 48/2003 um neytendakaup. Af þessum ástæðum verður ágreiningi álitsbeiðanda og gagnaðila ekki skotið til kærunefndar lausafjár og þjónustukaup með ósk um að hún gefi álitgerð um ágreininginn þar sem hann fellur utan valdsviðs nefndarinnar. Verður kærunefndin því að vísa frá þeim hluta álitsbeiðninnar sem tekur til ágreinings álitsbeiðanda og gagnaðila, sbr. ákvæði 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eftir stendur ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda. Sem fyrr segir er ekki deilt um hvort varahlutur sá er álitsbeiðandi keypti af seljanda 20. desember 2013 hafi verið galla og afhenti seljandi álitsbeiðanda nýjan varahlut hinn 30. desember s.á., álitsbeiðanda að kostnaðarlausu. Greining á gallanum kostaði hins vegar kr. 296.063 samkvæmt reikningi sem stafar frá nefndum gagnaðila, en starfsmaður á hans vegum ók frá Reykjavík í Öfundarfjörð til að greina gallann og flaug síðan aftur frá Ísafirði. Af umræddum reikningi hefur seljandi þegar greitt gagnaðila kr. 172.751, sem samsvarar vinnulið reikningsins. Af andsvörum seljanda að dæma mun seljandi þó líta á sem svo að sú greiðsla sé vegna fyrri misheppnaðrar tilraunar annars aðila til að greina bilun í dráttarvélinni. Burt séð frá því stendur skuld álitsbeiðanda við nefndan gagnaðila að fjárhæð kr. 123.312.

Í 1. mgr. 30. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup segir m.a.: „Ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn er hvorki sök kaupanda né stafar af aðstæðum sem hann varða getur kaupandi samkvæmt ákvæðum 31.–40. gr. krafist úrbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs samkvæmt ákvæði 42. gr.“ Álitsbeiðandi hefur gert þá kröfu að hann þurfi ekki að greiða reikning nefnds gagnaðila. Þar eð nefndur gagnaðili og seljandi eru ótengdir aðilar og reikningur gagnaðila því óviðkomandi seljanda og á ábyrgð álitsbeiðanda verður álitsbeiðandi hins vegar að standa skil af þeim reikningi sjálfur gagnvart gagnaðila. Telur kærunefndin þannig að sýnt sé fram á að álitsbeiðandi hafi orðið fyrir tjóni í tengslum við galla á þeim söluhlut sem hann keypti af álitsbeiðanda og samsvarar fjárhæð þess tjóns eftirstöðvum reiknings gagnaðila, kr. 123.312. Verður því að líta á kröfu álitsbeiðanda sem skaðabótakröfu, sbr. ákvæði 40. og 67. gr. laga nr. 50/2000. Þrátt fyrir fullyrðingar seljanda um að hann hefði „aldrei farið þær leiðir sem [álitsbeiðandi] fór við að leysa úr sínu máli“ fær kærunefndin ekki séð annað af framlögðum reikningi gagnaðila en að ekki hefði verið fær ódýrari leið við að greina galla í þeim varahlut

sem álitsbeiðandi keypti af seljanda hinn 20. desember 2013. og verða því skaðabætur til hans ákveðnar kr. 123.312.

VII
Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, gagnvart gagnaðila, Z, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Seljandi, Y, greiði álitsbeiðanda, X, kr. 123.312.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir